

Í Fossvogsskóla er lögð áhersla á fjölbreytta hæfni og getu nemenda, að styðja nemendur í að finna styrkleika sína, að gefa nemendum færi á að efla sig á sem flestum sviðum og auðga eigin sköpunargleði.

**„Áður en barn talar, þá syngur það. Áður en þau skrifa þá mála þau. Um leið og þau standa þá dansa þau. Listir eru grundvöllur mannglegrar tjáningar“**

- Phylicia Rashad

Með listum getur maðurinn tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð.

Listsköpun opnar einstaklingum fjölbreyttar leiðir til að vinna með hugmyndir, varpa fram spurningum, endurspegla og túlka eigin reynslu og annarra. Þannig þroska nemendur hæfileika sinn og getu til að veita og meta gjörðir sínar og umhverfi með gagnrýnum hætti. Við listsköpun opnast oft ný og óvænt sjónarhorn á hugmyndir og hluti, það losnar um hömlur og kímigáfa nemenda fær gjarnan notið sín í óvenjulegum og ögrandi verkefnum. Við slíkar aðstæður koma leyndir hæfileikar gjarnan fram og nemendur tengjast innbyrðis á annan hátt en í öðrum greinum. Listir í sinni fjölbreyttustu mynd í fortíð og nútíð fást við hugtök, hugmyndir og hluti sem tengjast manneskjunni og nánasta umhverfi hennar. Þær hreyfa við okkur á margvíslegan hátt, næra ímyndunarafli og efla fegurðarskyn. Listupplifun opnar farveg til að skoða og meta eigin gildi og viðhorf, á beinan eða óbeinan hátt, út frá margvíslegum leiðum og miðlum. Í listum geta nemendur rýnt í gildi samfélagsins á ólíkum tímum og mismunandi menningarsvæðum og einnig persónuleg gildi, s.s. gagnvart einstaklingum, fjölskyldu, samfélaginu, vinnu og leik, náttúru og umhverfi, fegurð, ljótleika, ofbeldi og ást.

Menntun í listum á að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni til að:

- takast á við ófyrirséðar framtíð á skapandi hátt,
- greina gömul og sjá ný mynstur og hugsa í lausnum,
- þroska persónulega tjáningu og smekk.

Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Í tónlistariðkun felst hlustun, sköpun og flutningur. Hún er ferli þar sem einstaklingar skapa merkingu með því að bregðast við og vinna úr tónum, hljóðum og þögn, einir eða í samstarfi. Tónlistariðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla. Þá hefur tónlistariðkun sterka félagslega tilvísun enda verið notuð í gegnum tíðina sem afl til sameiningar eða aðgreiningar fólks. Tónlist getur verið hluti skilgreindrar menningar eða sjálf skilgreinandi hluti menningar. Í síðara tilvikinu ræður ákveðin tónlistarstefna klæðaburði, framkomu og fleiru, sem myndar menningarheild. Tónlistarmenning vísar þannig til hvernig við tengjumst, notum, fremjum, semjum, og hugsum um tónlist.

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómunum, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt. Í ljósi þessa margbrotna eðlis tónlistarinnar er mikilvægt að tónlistin sé tengd öllu skólasterfi óháð námsgreinum. Þannig kynnast nemendur fjölbreyttri tónlist og tengingu hennar við líf og starf með ólíkri og lifandi nálgun.

Í Tónmennt Fossvogsskóla er lögð áhersla á menningarlega þátttöku, færni í grunnþáttum tónlistar, samsöng, samvinnu, sköpun nemenda, að nýta tækni til náms, sköpunar og miðlunar á tónlist og að njóta tónlistar til að auðga fegurð lífsins, eigin velferð og samferðafólks.

Tónmenntanáms samþættist vel öðrum fögum; eflir orðaforða, tungumálanám, samfélaggreinar, stærðfærði, samskipti og samvinnu, sköpun og lausnahugsun.

*Til útskýringar: Texti á gráum fleti er úr Aðalnámskrá grunnskóla frá 2013*

Hæfnivímið í (fag) Við lok 4.bekkjar getur nemandi	1. bekkur	2.bekkur	3.bekkur	4.bekkur
<b>Greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Syngja sönglög í mismunandi tónlistarstílum</li> <li>• Syngja sönglög á fjölbreyttum tungumálum.</li> <li>• Hlusta á fjölbreyttan söngstíl.</li> <li>• Nota röddina sem fjölbreytt hljóðfæri frá dýpstu til hæstu tóna.</li> <li>• Kanna styrkleika eigin raddar.</li> <li>• Tal og söngur, mismunur og fjölbreytt túlkun.</li> <li>• Barna-, kven- og karlraddir.</li> <li>• Einsöngur og kórsöngur</li> </ul>			
<b>1.bekkur</b> .....				
<b>2.bekkur</b> .....				
<b>3.bekkur</b> .....	- Syngja - Hlustun	- Tónlistarsköpun með röddinni. - Fjölbreytt túlkun.	- Söngur á fjölbreyttum tungumálum. - Styrkleiki og dýnamík.	- Tónlistarsköpun með röddina sem hljóðfæri.
<b>4.bekkur</b> .....	- Dansa -Orðaforði í textum	- Fjölbreytt tungumál - Syrkleiki -Orðaforði í textum	- Tóndýpt og tónhæð. - Einsöngur / Kórsöngur -Orðaforði í textum	- Samspil með söng. - Keðjusöngvar og fjölröddun. - Orðaforði í textum
<b>Leikið einfalda rytma/hryn eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólaljóðfæri,</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Púls</li> <li>• Hrynur og hrynstef.</li> <li>• Slagverkshljóðfæri</li> <li>• Þögn sem mikilvægur þáttur í hryn.</li> <li>• Samtal hljóðfæra (samtal í gegnum hljóðfæraleyk)</li> <li>• Sóló og Tutti (einspil / allir spila)</li> <li>• Samspil</li> </ul>			
<b>1.bekkur</b> .....				
<b>2.bekkur</b> .....	- Púls - Dans (flæði tónlistar og samhæfni)	- Púls og hrynur. - Samspil / Samtal - Einföld slagverkshljóðfæri.	- Samspil - upphaf og endir. - Slagverkshljóðfæri	- Samspil - Tónlistarsköpun - upphaf og endir.
<b>3.bekkur</b> .....	- Púls og hrynur í gegnum hreyfingu.	- Þögn mikilvæg.	- Flutningur	- Slagverkshljóðfæri - Flutningur
<b>4.bekkur</b> .....	-			- Tónlistarskráning

<p>Tónatal, þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun, tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt, greint einföld stílbrigði í tónlist.</p> <p><b>1.bekkur</b> .....</p> <p><b>2.bekkur</b> .....</p> <p><b>3.bekkur</b> .....</p> <p><b>4.bekkur</b> .....</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Solfa, tónstiginn.</li> <li>- Nótnefni.</li> <li>- Hljóðfærablær</li> <li>- Mismunandi tónlistarstílar.</li> <li>- Tónlistarsköpun</li> <li>- Samspil</li> </ul>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Hljóðskreyting</li> <li>- Segja sögu með hljóðfærum.</li> <li>- Samspil og samvinna.</li> <li>- Tónlitarflutningur.</li> <li>-Sóló og Tutti</li> <li>- Grafísk nótnaskrift</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- - Hljóðskreyting</li> <li>- Segja sögu með hljóðfærum.</li> <li>- Samspil og samvinna.</li> <li>- Tónlitarflutningur.</li> <li>-Sóló og Tutti</li> <li>- Grafísk nótnaskrift</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Forskólanám í samvinnu við Nýja Tónlistarskólann:</li> <li>- G, A, H/B, C, D. Nótur</li> <li>- Flautuleikur</li> <li>- Lengdargildi</li> <li>- Samspil</li> <li>-Hraði og styrkleiki</li> <li>-Nótnaritun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Tónstiginn</li> <li>- Dúr og moll</li> <li>- Xýlófónar/laglínur</li> <li>- Samspil</li> <li>- Upphaf/miðja/endir</li> <li>- Þrástef</li> <li>- Bassalína</li> <li>- Fimmund/Áttund</li> <li>- Tónlistarkráning.</li> </ul>
<p><b>Bjargir og námsgögn</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sönglög og textar af netinu, verkefnablöðum kennara og úr ýmsum söngbókum.</li> <li>• Tónlist og ..... þemahefti. Námsgagnastofnun.</li> <li>• Töfrakassinn</li> <li>• Leikum og syngjum.</li> <li>• Tónmennt 1,2 og 3. + sönghefti (útgáfu hefur verið hætt).</li> <li>• Tónholt og aðrir gítar- og ukuleleskólar.</li> <li>• Incredibox.com</li> <li>• Skólahljóðfæri</li> <li>• Forskólanámsefni sem Tónmenntakennari hefur útbúið</li> <li>• Flautað til leiks</li> </ul>			

<b>Námsmat</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Hlustun</b></li> <li>• <b>Leiðsagnarmat</b></li> <li>• <b>sjálfsmat</b></li> <li>• <b>Túlkun á eigin skoðunum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.</b></li> <li>• <b>Jafningamat</b></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.</li> <li>- Að deila og skiptast á hugmyndum.</li> <li>- Samvinna</li> <li>- Kannanir á grunnþáttum tónlistar í forskólanámi</li> <li>- Hlustun.</li> </ul>			
	<b>Námsmat í 1.bekk:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Púls</li> <li>- Samspil og samvinna.</li> <li>- Þátttaka í söng.</li> <li>- Þátttaka í dansi.</li> <li>- Þekking hrynhljóðfæri.</li> </ul>	<b>Námsmat í 2.bekk:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Púls og hrynur.</li> <li>- Tónsköpun og flutningur í samvinnu.</li> <li>- Þátttaka í söng og skýr texti.</li> <li>- Þekking skólahljóðfæri.</li> </ul>	<b>Námsmat í 3.bekk:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Könnun á grunnþáttum tónlistar í samræmi við viðmið forskóla.</li> <li>- Samspil</li> <li>- Æfa lag á flautu og leika á verklegu prófi.</li> </ul>	<b>Námsmat í 4.bekk:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Tónlistargreining</li> <li>- Tónlistarsköpun.</li> <li>- Tónlistarskráning</li> <li>- Tónlistarflutningur</li> <li>- Tónlistarmiðlun</li> </ul>